

Nd.

600. Frumvarp til laga

[281. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna (2. gr. laga nr. 15 17. nóv. 1956) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem hefur í hyggju að skipta um aðsetur á tímabilinu 16. nóvember til 1. desember á ári hverju, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 15. nóvember, enda liggi þá fyrir, hvert hann flytur. Sama tilkynningar-skylda hvílir á þeim, sem áformar að taka sér nýtt heimilisfang á fyrr greindu tímabili, án þess að hann flytji þangað aðsetur sitt að svo stöddu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta að beiðni Hagstofu Íslands, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins. Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Samkvæmt lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, er þjóðskráin færð fram til 1. desember árlega á grundvelli aðseturstilkynninga, skýrslna um fæðingar, skírnir, hjónavígslur og mannlát og ýmissa annarra heimildargagna. Í samræmi við þetta hafa tilkynningar um aðsetursskipti til nóvemberloka verið teknar til greina við gerð íbúaskráa, sem gefnar eru út eftir þjóðskrá 1. desember. Af þessum sökum hefur lokaátak við færslu þjóðskrár fram til 1. desember ekki getað hafist fyrr en um þau mánaðamót. — Verki þessu verður að ljúka fyrir áramót, til þess að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar geti þá tekið við og haft árituð framtöl allra gjaldenda og önnur skattálagningargögn tilbúin í tæka tíð í janúar.

Áður fyrr gekk tiltölulega greiðlega að ljúka framfærslu þjóðskrár á Hagstofunni fyrir áramót, en á síðustu árum hefur, vegna vaxandi gagnamagns og af öðrum ástæðum, staðið alltæpt, að þetta tækist, og til þess hefur raunar þurft að láta vinna meiri yfirvinnu en hóflegt getur talist, bæði í nóvember og desember.

Ákvæði þessa frumvarps miða að því að auka svigrúm Hagstofunnar til að ljúka árlegri framfærslu þjóðskrár fyrir áramót. Gert er ráð fyrir, að þeir, sem hafa í hyggju að flytja á tímabilinu 16. nóvember til 1. desember á ári hverju, skuli tilkynna það eigi síðar en 15. nóvember, enda liggi þá fyrir, hvert menn flytja. Með þessu mundi lokaátak til árlegrar framfærslu þjóðskrár geta hafist þegar um miðjan nóvember, eða tveimur vikum fyrr en hingað til. Af þessu leiddi, að unnt yrði að draga verulega úr yfirvinnu við framfærslu þjóðskrár í nóvember og desember. Annar ávinningur af þessari breyttu tilhögun er sá, að með henni ættu vinnuóhöpp á Hagstofunni, sem alltaf eru möguleg, ekki að geta leitt til þess, að þjóðskráin verði of seint tilbúin til nauðsynlegrar skattvinnslu í janúarmánuði.

Á það skal bent, að ákvæði þessa frumvarps fela ekki í sér neina nýja kvöð á almenningi að heitið geti. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá einn að heimila, að lokað verði fyrir árlega móttöku aðseturstilkynninga um miðjan nóvember, í stað þess að halda henni áfram til 1. desember, eins og skylt hefur verið að gera hingað til.